


Af hverju VIRK?

- Löng fjarvera frá vinnumarkaði ógnar heilsu og lífsgæðum einstaklinga meira en margir lífshættulegir sjúkdómar.
- Þátttaka á vinnumarkaði hefur almennt jákvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu einstaklinga.
- Einstaklingar eiga rétt á aðstoð til að komast aftur til starfa.

Markmið og tilgangur VIRK

- VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.
- Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarsjónustu.
- Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða markvissa ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings.
- Markmið VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku.
- Rétt á þjónustu VIRK eiga þeir einstaklingar sem ekki sinnt starfi sínu eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubreysts og eru með beiðni eða vottorð frá lækni og hafa það að markmiði að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða að auka þátttöku sína á vinnumarkaði.




Starfsemi VIRK

- VIRK vinnur að starfsendurhæfingu samkvæmt lögum 60/2012 í samstarfi við stéttarfélag, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og stofnanir velferðarkerfisins.
- VIRK hefur byggt upp þverfaglegan starfsendurhæfingarferil, persónulega ráðgjöf og þjónustu sem hefur það markmið að koma einstaklingum til vinnu. Þjónusta VIRK er til staðar á öllum helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og einstaklingum að mestu kostnaðarlaus.
- Á vegum VIRK starfa 48 ráðgjafar staðsettir hjá stéttarfélögum um allt land sem sjá m.a. um að byggja upp starfsendurhæfingaráætlanir einstaklinga með þverfaglegu teymi sérfræðinga hjá VIRK og í samvinnu við bæði viðkomandi einstakling og ýmsar stofnanir og fagaðila.

Árangur og ávinningur VIRK

- 10.500 einstaklingar hafa leitað til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs frá upphafi og nú eru um 1.900 einstaklingar í þjónustu á vegum VIRK.
- Yfir 70% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála.
- Meira en 70% þeirra 6.000 einstaklinga sem útskrifast hafa frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift; þ.e. í vinnu, í atvinnuleit eða lánshæfu námi.
- 13,8 milljarða króna ávinningur var af starfsemi VIRK árið 2015 samkvæmt útreikningum Talnakönnunar HF. Niðurstöður fyrri athugana Talnakönnunar sýndu að ávinningur af starfi VIRK var 11,2 milljarðar króna 2014 og 9,7 milljarðar á árinu 2013. Rekstrarkostnaður VIRK árið 2015 var 2,2 milljarðar, 2 milljarðar 2014 og 1,3 milljarðar á árinu 2013.



- Þjónustukannanir VIRK sýna að þátttakendur eru undantekningalítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.